

Kenedi gegn Ungverjalandi

Dómur frá 26. maí 2009

Mál nr. 31475/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Aðgangur að gögnum hjá hinu opinbera. Málshraði.

1. Málsatvik

Kærandi, János Kenedi, er ungverskur ríkisborgari, fæddur árið 1947 og búsettur í Búdapest. Hann er sagnfræðingur og sérhæfir sig m.a. í sögu einræðisherra og starfsemi leynipjónustu þeirra. Í september 1998 óskaði kærandi eftir leyfi innanríkisráðuneytis Ungverjaland til að fá aðgang að ákveðnum skjölum í vörslum þess, í þeim tilgangi að ljúka við rannsókn sína á starfsemi ungversku leynipjónustunnar á 7. áratug síðustu aldar. Í nóvember 1998 hafnaði ráðuneytið þeirri beiðni en í janúar 1999 úrskurðaði dómstóll kæranda í vil. Í nóvember 1999 féllst ráðuneytið á að veita honum aðgang, að því skilyrði uppfylltu að hann myndi ekki upplýsa um hvað kæmi fram í skjölunum. Kærandi féllst ekki á það og krafðist þess að dómsúrskurðinum yrði framfylgt. Í desember 2003 voru öll skjölin, utan eins, færð á Þjóðskjalasafnið og urðu því opin fyrir aðgangi almennings. Þegar kærandi lagði fram kærú sína til Mannréttindadómstóls Evrópu hafði hann enn ekki fengið ótakmarkaðan aðgang að því skjali, sem ekki var flutt á safnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma, tjáningarfrelsi hans og rétti til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr., 10. gr. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferðin hefði tekið 10 og hálf ár og væri enn ekki lokið í skilningi ákvæðisins. Með vísan til dómaframkvæmdar taldi dómstóllinn að lengd málsmeðferðar hefði verið úr hófi fram og að skilyrði 1. mgr. 6. gr. um að kveðið skyldi á um réttindi manns innan hæfilegs tíma, hefði ekki verið uppfyllt. Því hafi verið brotið á réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr. Dómstóllinn tók fram að ítrekað hefði verið fallist á kröfu kæranda um að honum yrði veittur aðgangur að umræddum skjölum og hafði kærandi undir höndum dómsúrskurð þess efnis. Yfirvöld hefðu þó ítrekað litið framhjá þeirri skyldu sinni og þannig komið í veg fyrir að kærandi gæti nýtt sér skjölin til að ljúka við rannsókn sína. Hefðu því yfirvöld brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að beita valdi að geðþótta og í andstöðu við landslög. Með slíkri misbeitingu valds síns taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu komið í veg fyrir að kærandi gæti nýtt sér rétt sinn til tjáningarfrelsis og því brotið gegn ákvæði 10. gr. sáttmálans.

Um 13. gr. Dómstóllinn taldi með vísan til þess að yfirvöld hefðu ítrekað staðið í vegi fyrir að kærandi fengið notið réttinda sinna samkvæmt sáttmálanum, hefðu þau úrræði sem honum stóðu til boða til tryggingar þeim ekki uppfyllt skilyrði 13. gr. sáttmálans. Hefði ríkið því jafnframt brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 13. gr.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 6.000 evrur í miskabætur og 7.000 evrur í málskostnað.